

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

APRÍL 2022

4. tbl. 29. árg.

## Vertu tilbúin/n þegar draumaeignin kemur í sölu

Skráðu eignina til sölu hjá mér. Ég sendi atvinnuljósmyndara að taka myndir þér að kostnaðarlausu.

Ég geri allt klárt og þegar draumaeignin kemur í sölu þá setjum við þína eign í sölu og höldum opið hús áður en opna húsið í draumaeigninni er haldið.

Ef þú færð ekki draumaeignina þá greiðir þú ekkert.



Frítt verðmat!

ÞORLÁKUR  
S: 699 4675  
thorlukur@fastlind.is

**LIND**  
FASTEIGNASALA  
fastlind.is | njarbudir.is



## Þemadagar í Hólabrekkuskóla

Þemadagar voru í Hólabrekkuskóla dagana 22. til 25. mars þar sem yfirskriftin var Heimsálfurnar.

Mikið fjör var þessa daga þar sem sköpunargleðin fékk notið sín sem aldrei fyrr. Endað var á langþráðri foreldraheimsókn í skólann sem var mjög vel sótt af foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum. Nemendum var skipt upp í 24 hópa og nemendur frá fyrsta upp í tíuna bekk voru saman í hóp. Nemendur í 10. bekk voru ábyrgðarmenn og nemendur 9. bekkjar aðstoðarmenn. Á myndinni má sjá eitt að þeim verkum sem urðu til á þemadögnum en mikil fjölbreytni réð þar ríkjum.

Mynd: Katrín Kristín.

 **Brynja**

Hinn eini sanni Brynjuís  
nú kominn í Lóuhólana!

 **Brynja**

**Pitt hverfi hefur hækkað  
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

**LIND**  
FASTEIGNASALA  
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**VIÐ  BREIÐHOLTID**



**OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:**  
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:  
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

**Iceland**

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

4. tbl. 29. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

# Grænar byggðir munu rísa í Breiðholti

- Þrjú hópar valdir til að skipuleggja uppbyggingu



Hugmynd að nýjum leikskóla við Völvufell.

Þrjú hópar verða valdir til uppbyggingar á grænu húsnæði í Breiðholti. Hópur sem standur saman af Vistbyggð, Eflu og Arkís arkitekta verður boðið til samninga við borgina um uppbyggingu við Völvufelli 13 til 23. Þá mun Reykjavíkurborg ræða við hóp Arkþings Nordic, Eflu, S8 og Þingvangs um lóðina Völvufell 43. Hópur á vegum Alverks, Grímu, Tendru og VSÓ mun svo koma að borðinu um lóðina að Arnarbakka 6.

Með þessu tekur Reykjavíkurborg föst skref í átt að umhverfisvænni markmiðum er kemur að hönnun, húsaferð og framkvæmdum. Mikilvægt er að huga að byggðu umhverfi sem hringrás þar

sem samgöngur, skipulag og hús eru hugsað sem heild fyrir fólk. Nú taka við samningaviðræður við vinningshópana um framþróun þeirra fimm reita sem borgin lagði til í verkefnið. Markmið viðræðanna er semja um útgáfu formlegra lóðavilyrða og í kjölfarið lóðaúthlutun með þeim skilyrðum og kvöðum sem skilgreind verða í hverju tilviki fyrir sig til að markmið verkefnisins náist.

Um nokkurt skeið hafa reitirnir við Völvufell og Arnarbakka verið til skoðunar hjá borginni með uppbyggingu fyrir augum. Hefur borgin meðal annars fest kaup á fasteignum til að rýma fyrir nýju umhverfi.

## Félagsauður er styrkur

Breiðholt er fjölmenningsbyggð. Fjölbreyttur félagsauður er einn helsti styrkur hennar. Fólk af ýmsu þjóðerni með margvíslegan bakgrunn myndar nú byggðina sem afmörkuð er með útlínunum Breiðholts.

Þessi þróun hefur orðið að umliðnum þremur áratugum. Einkum þó það sem af er þessari öld. Atvinnulífið hefur kallað eftir fleira fólki til að leysa ýmis störf af hendi vegna þess að mannfæð Íslendinga nær ekki að leysa þau verkefni af hendi sem skapast í nútíma samfélagi.

Líkur eru til að þessi þróun haldi áfram. Ferðapjónustan er að koma til baka – alla vega að verulegu leyti eftir að hafa þurft að halda að sér höndum vegna kovid faraldursins. Hún kallar á fleiri störf.

Á sama hátt mun byggingaiðnaðurinn kalla eftir fleiri vinnandi höndum á næstu árum. Ljóst er að viðvarandi húsnæðisskortur hefur háð landsmönnum og einkum á höfuðborgarsvæðinu. Úr því þarf að vinna. Næstu áratugur mun verða áratugur byggingaframkvæmda.

Þótt atvinna sé fyrir hendi og lífsviðurværi sæmilegt eða gott tekur ávallt tíma fyrir fólk að laga líf sitt eftir nýjum heimkynnum. Þar kemur tungumálið við sögu. Margt af aðfluttu fólki kemur frá ólíkum málsamfélögum. Engir tala Íslensku og sumir tala ekki ensku.

Í Breiðholti hefur margt verið gert til þess að auðvelda fólki að finna sér flöt í nýjum heimkynnum. Skólasamfélagið og þjónustumiðstöð Breiðholts hafa stigið mörg skref í þá átt. Það starf mun halda áfram. Félagssauður er styrkur byggðarinnar.

## Þrjú ærslabelgir í Breiðholtið

Þrjú ærslabelgir vera settir upp í Breiðholti í sumar. Það er hluti af umhverfisverkefni borgarinnar og afleiðing af kosningu í "hverfið mitt" þar sem óskað var eftir uppblásnum ærslabelgjum.

Ærslabelgirnir eru þó aðeins brot af þeim rúmlega hundrað verkefnum sem koma til framkvæmda á árinu 2022 í tengslum við lýðræðisverkefnið Hverfið mitt.

Reykvíkingar geta verið hoppandi glaðir í sumar þegar ærslabelgjafjöldinn í borginni margfaldast en þrettán nýir ærslabelgir verða settir upp. Ærslabelgirnir verða tveir í Grafarvogi, tveir í Háaleiti og Bústöðum, tveir í Árbæ og Norðlingaholti, og einn í Grafarholti og Úlfarsárdal, Kjalarnesi,



Þrjú ærslabelgir verða settir upp í Breiðholti.

Laugardal og Vesturbæ. Áætlaður kostnaður vegna þessara 111 verkefna er 850 milljónir króna.

Áætlaður framkvæmdatími er maí til desember 2022.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg  
Opíð 9-18 virka daga.

**APENA**  
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Líður þér illa í hjartanu?

**1717**

opinn • trúnaður • ókeypis + Rauði kross Íslands

# Fólkið fyrst

## í betra Breiðholti!

Forgangsröðum fjármunum borgarinnar til að stórbæta þjónustu og velferð fólks.

- Tryggjum að engin börn í Reykjavík þurfi að bíða eftir þjónustu fagfólks. Bið getur kostað líf.
- Tryggjum að öll börn fái aðgengi að tómstundastarfi og íþróttum, óháð efnahagsstöðu foreldra. Skiljum engan út undan.
- Stóraukum framboð á lóðum. Það er grafalvarlegt að húsaleiga nemi allt að 70% af ráðstöfunartekjum fólks.
- Gerum eldra fólki kleift að búa sem lengst heima. Tryggjum viðeigandi heimaþjónustu.
- Höfum frítt í strætó fyrir tekjuminni, öryrkja og 67 ára og eldri. Mætum mismunandi samgönguþörfum borgarbúa.



Rúnar Sigurjónsson

Vélsmiður, 5. sæti

Einar S. Guðmundsson

Kerfisfræðingur, 3. sæti

Kolbrún Baldursdóttir

Borgarfulltrúi og sálfræðingur, 1. sæti

Helga Þórðardóttir

Varaþingmaður og kennari við Barnspítala Hringins, 2. sæti

Natalie G. Gunnarsdóttir

Stuðningsfulltrúi og háskólanemi, 4. sæti